

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði**  
**við Vogabraut, Sveitarfélaginu Vogum.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að hámarkshæð iðnaðarhúsnæðis á lóð við Heiðarholt 5 er aukin úr 13 m í 27 m vegna skilju og tanka til súrefnis- og köfnunarefnisframleiðslu auk 2,5 m vegna léttis búnaðar, s.s. handriðs og öryggisloka. Skilmálar eru settir um starfsemina og lóðafrágang. Einnig er afmörkuð 54 m<sup>2</sup> lóð við Hraunholt 6a fyrir dreifistöð rafmagns.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Vogum, 14. júní 2016.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2016